**1. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN**
**FÖSTUDAGINN 30 APRÍL 1999.**

**F U N D A R G E R Ð:**

**Mættir voru** Páll Valdimarsson, Guðmundur Gunnarsson, Jens H. Ragnarsson, Haraldur Jónsson, Arnoddur Jónsson, Ómar Baldursson, Oddur Sigurðsson, Hafliði Sívertsen, Jón Aðalsteinsson, Böðvar Björgvinsson, Rúnar Bachmann, Frosti Frostason, Einar Á. Kristinson, Andri Jóhannesson, Helgi Jónsson og Haukur Ágústsson

Gestir: Grétar Þorsteinsson, Forseti ASÍ og Níels S. Olgeirsson formaður Matvís

**Dagskrá:**

1. Skipulagsmál
2. Skipan starfsnefnda
3. Önnur mál.

**1. Skipulagasmál.**
Formaður setti fundinn, bauð nýja félaga í miðstjórn sérstaklega velkomna og sagði nokkuð frá þeim deilum um skipulagsmál sem skapast hafa innan ASÍ, hann lagði fram nokkur bréf sem farið hafa á milli manna í tölvupósti en þau sýna vel það hnútukast sem hefur verið á ferðinni nú síðustu daga.
Til að ræða stöðu þessara mála hafði Grétari Þorsteinssyni verið boðið til fundarins.
Grétar hafði ósköp lítið að segja um stöðuna en sagðist nú leita leiða til úrlausnar á því tvíþætta vandamáli sem upp er komið, fyrst að leysa þann stundarágreining sem nú er uppi og síðan breyta skipulagi ASÍ í framhaldi af því. Nú þurfi helst að koma ró á málin til þess að koma þeirri vinnu í gang. Nokkrar umræður urðu um málin og kom skýrt fram ótti RSÍ manna um að ýmsir aðilar innan ASÍ vilji skilgreina "starfgreinasamband "eins þröngt og mögulegt er. Grétar vildi ekki að svo stöddu ræða efnisatriði málsins en sagðist vona að ekki kæmi til neinna stefnubreytinga í skilgreiningu "starfsgreinasambanda ".

Níels frá Matvís sagði frá viðræðum þeirra við ASÍ, þeir hafi gert ASÍ ákveðið grein fyrir því að þröng skilgreining á hverjir geti verið innan þeirra vébanda komi ekki til greina og þeir séu ekki á leið inn í ASÍ til að fylla það skarð sem RSÍ skilur eftir.
Fram kom að ef ekkert fer að rofa til í þessum málum þurfi að koma á fundi með hinum starfsgreinasamböndunum til að koma fram sameiginlega gagnvart ASÍ.

**2. Kosning starfsnefnda.**
Starfsnefndir miðstjórnar

Kjörin voru

Í úthlutunarnefnd Styrktarsjóðs:

Helgi R. Gunnarsson
Sigurður Hallvarðsson
Hulda Jakobsdóttir

Formenn kjörstjórna:

Bjarni Sigfússon
Leó Ingólfsson

Í kjörstjórn og umsjón kjörgagna:

Bjarni Sigfússon
Sigurður Geirsson
Hulda Jakobsdóttir
Elín F. Sigurðardóttir til vara

Í launanefnd RSÍ:

Helgi Jónsson
Rúnar Bachmann
Haraldur Jónsson

Í laga og skipulagsnefnd RSÍ:

Rúnar Bachmann
Guðmundur Gunnarsson
Helgi R. Gunnarsson
Einar Gústafsson

Í orlofsnefnd RSÍ:

Björn Ágúst Sigurjónsson
Jón Þór Kristmannsson
Runólfur Þorláksson
Jón Aðalsteinsson
Sigurður Lúther Björgvinsson

Í reglugerðanefnd:

Haraldur Jónsson
Þórir Hermannsson
Helgi Jónsson

**3. Önnur mál:**
Lögð voru fram fjögur tilboð í byggingu smáhýsa sem rísa eiga á Klaustri,

Hagur á Kirkjubæjarklaustri bauð Kr. 2.450.000,00 í hvert hús eða Kr. 7.350.000 í húsin þrjú.

Minniborg bauð Kr. 2.780.00 í hvert hús eða Kr. 8.340.000 í húsin þrjú.

Rangá bauð Kr. 2.584.000 í hvert hús eða Kr. 7.752.000 í húsin þrjú.

SG bauð Kr. 2.619.000 í hvert hús eða 7.857.000 í húsin þrjú. SG kom einnig með frávikstilboð, bæta við Kr. 840.000 fyrir ofna og hitakúta í húsin og bauð Kr. 9.700.000 fyrir verkið í heild með sökklum og rotþró.
Samþykkt var að ganga til samninga við Hag.

PV gagnrýndi störfin á nýliðnu þingi, hann taldi að virkni almennra fulltrúa hafi verið mjög lítil og
að umræður um mál hafi verið engin. Í máli GG kom fram að mikilvægir málaflokkar, kjaramál og menntamál væru farin í annan farveg innan sambandsins og því eðlilegt að umræða minnki.

Óskað var eftir að varamönnum í miðstjórn væru sendar fundargerðir og helstu mál miðstjórnar.

Fyrirspurn var borin upp um hvernig varamenn væru kallaðir inn. Upplýst var að fyrst væri kallað á varamann frá viðkomandi félagi en ef það gengi ekki þá væri kallað eftir röð kjörinna varamanna.

Fundi slitið Kl 16:40

Haukur Ágústsson